

## Samþykktir vegna uppgræðsluverkefna í Sveitarfélaginu Ölfusi

### 1. gr.

Með tilvísun í 5. gr. samþykktu fyrir Uppgræðslusjóð Ölfuss, sem staðfestar voru af bæjarstjórn Sveitarfélagsins Ölfuss 2. apríl 2014, ákveður bæjarstjórn að leggja niður Uppgræðslusjóð Ölfuss og ráðstafa því fjármagni sem honum tilheyrði til annarra verkefna hjá Sveitarfélaginu Ölfusi án skilyrða.

### 2. gr.

Bæjarstjórn samþykkir að verja á næstu 15 árum sambærilegu fjármagni ár hvert til uppgræðslu- og skógræktarverkefna og gert var á forsendum Uppgræðslusjóðs Ölfuss. Miða skal þá fjárhæð sem ráðstafað er til slíkra verkefna í fjárhagsáætlun fyrir komandi ár við ígildi ársávöxtunar 75 m.kr. höfuðstóls. Þau vaxtakjör sem miðað skal við eru uppgefnir ársvextir á óverðtryggðum sparireikningi sem sveitarfélaginu býðst með binditíma til 12 mánaða hjá viðskiptabanka þess, á þeim tíma sem fjárhagsáætlun fyrir næsta ár er staðfest.

### 3. gr.

Tilgangur þessarar samþykktar er að efla uppgræðslu innan Sveitarfélagsins Ölfuss. Haft verður í huga við mat á umsóknum vegna slíkra verkefna, að markmið viðkomandi verkefnis sé það að landið verði grætt með varanlegum hætti og að unnið verði gegn losun gróðurhúsalofttegunda.

### 4. gr.

Ár hvert, fyrst árið 2015, skal skipulags-, byggingar- og umhverfisnefnd (SBU) Sveitarfélagsins Ölfuss auglýsa styrki til úthlutunar, að lágmarki tveimur vikum fyrir lok umsóknarfrests. Umsóknarfrestur er til 1. mars ár hvert og skal umsóknum skilað inn á þar til gerðum umsóknareyðublöðum. Með umsókninni skal fylgja greinagóð lýsing á verkefninu með verkáætlun, tímaáætlun og kostnaðaráætlun.

### 5. gr.

Hlutfall styrkja getur numið allt að  $\frac{2}{3}$  af áætluðum heildarkostnaði, þ.e. kostnaði við vinnu, tæki og kaup á aðföngum, við það verk sem sótt er um styrk fyrir en þó aldrei meira en sem nemur 10% þess fjár sem til úthlutunar er hverju sinni skv. 2. gr. SBU metur umsóknir og úthlutar styrkjum og skal úthlutun styrkja vera lokið fyrir lok apríl mánaðar. Styrkjum er úthlutað að verki loknu en heimilt er að greiða út styrkfjárhæð eftir framgangi verks.

### 6. gr.

Að verkefni loknu skal viðkomandi styrkþegi gera SBU grein fyrir ráðstöfun fjárins og árangri verkefnisins.

### 7. gr.

Sveitarfélagið Ölfus áskilur sér rétt til að skýra opinberlega frá viðkomandi verkefni, stuðningi sveitarfélagsins og árangri verksins, en að öðru leyti eignast Sveitarfélagið Ölfus engan rétt vegna styrkveitingarinnar.

*Þorlákshöfn, 23. maí 2014*

*Uppgræðslusjóður Ölfuss*